

ORKUSPÁRNEFND

Efmahagsskrifstofa fjármálaráðuneytis - Fasteignamat ríkisins - Hagstofa Íslands - Orkustofnun - Samorka

Reykjavík, 7. mars 2006

FRÉTTATILKYNNING

RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2005

Árið 2005 nam raforkuvinnsla á landinu samtals 8.679 GWh og jókst um 0,7% frá fyrra ári. Stórnotkun nam 5.191 GWh á árinu 2005 og minnkaði um -0,8% frá fyrra ári. Almenn notkun jókst um 3,2% og nam 3.234 GWh. Töp við flutning orkunnar frá virkjunum til almenningsveitna og stórnotenda voru 254 GWh. Veðurfar hefur nokkur áhrif á raforkunotkun aðallega vegna rafhitunar húsnæðis. Til að fá eðlilegan samanburð milli ára hvað varðar þróun almennrar raforkunotkunar er hún því oft leiðrétt út frá lofthita. Síðasta ár var hlýrra en meðalár en kaldara en árið 2004. Hitastigsleiðrétting eykur því notkunina árið 2005 en þó minna en árið á undan og eru leiðréttar tölur sýndar innan sviga þar sem slíkt á við.

Notkun stóriðju stendur í stað

Notkun stóriðju hefur að mestu staðið í stað síðustu tvö árin eftir að hún hafði aukist mikið tímabilið 1996-2003 eða um 3.139 GWh sem eru um 150%. Þetta er álíka mikil raforka og allir aðrir notendur en stóriðja notuðu á árinu 2005.

Almenn raforkunotkun jókst um 3,2% (2,4%) árið 2005 sem er minni aukning en árið 2004 og skýrist sú breytinga m.a. af því að mikil aukning var árið 2004 vegna virkjanaframkvæmdir á Austurlandi auk þess sem ótryggð orka minnkaði nokkuð.

Aukin raforkunotkun á íbúa

Raforkunotkun á íbúa er mikil hér á landi, aðallega vegna hlutfallslega mikillar notkunar stóriðjufyrirtækja. Árið 2002 varð notkunin hér á landi sú mesta í heiminum en fram til þess tíma hafði notkunin verið mest í Noregi. Árið 2005 minnkaði notkun á íbúa frá árinu 2004 eða úr 29,5 MWh/íbúa í 29,3 MWh/íbúa sem er sama hlutfallslega notkunin og árið 2003. Í Noregi var samsvarandi tala 27,2 MWh/íbúa (vinnsla að viðbættum innflutningi og að frádregnum útflutningi). Mikil notkun í Noregi stafar bæði af mikilli stóriðju en einnig af mikilli notkun við rafhitun en hún er mun útbreiddari þar en hér á landi enda er jarðhiti notaður að stærstum hluta til húshitunar hér á landi.

Forgangsorka

Raforkunotkun er oft greind niður á tvo meginþætti, þ.e. í forgangsorku og ótryggða orku.

Meginhluti notkunarinnar er forgangsorka en með ótryggðri orku er átt við notkun þar sem samið hefur verið um að skerða megi notkunina svo sem þegar erfiðleikar eru í vatnsbúskap virkjana eða vegna flutningstakmarkana.

Afram mikil aukning almennrar forgangsorku

Notkun forgangsorku nam samtals 7.601 GWh á síðasta ári og eru dreifitöp þá meðtalin og jókst hún um 1,5% frá fyrra ári. Stórnotkun nam 4.769 GWh og stóð í stað á milli ára en almenn notkun nam 2.832 GWh og jókst um 4,2% (3,5%). Aukning almennrar forgangsorku er því nokkuð minni en á síðasta ári en hún er þó sú næst mesta allt frá árinu 1988. Árin 1999-2001 var þó aukningin svipuð og á síðasta ári en þó heldur minni. Mikil aukning árið 2004 stafaði m.a. af aukinni notkun við virkjana- og stóriðjuframkvæmdir en sá þáttur jókst mun minn á síðasta ári. Sveiflur í efnahagslífinu koma vel fram í raforkunotkun eins og sést á mynd 2. Á árunum 1989-94, þegar hagvöxtur var lítill hér á landi, var árleg aukning almennrar forgangsorku einungis um 1% en eftir að hagvöxtur jókst að nýju hefur aukningin verið 3,0% að meðaltali en landsframleiðsla hefur á sama tímabili aukist um 3,8%/ári að meðaltali (árin 1994-2005). Raforkunotkunin sveiflast að jafnaði með landsframleiðslunni en sveiflurnar eru þó minni í raforkunotkuninni.

Ótryggð orka


Notkun ótryggðrar orku nam samtals 825 GWh á síðasta ári og minnkaði um -6,4% frá fyrra ári (áætluð dreifitöp meðtalin). Minnkun í almennri notkun var -3,7% (-4,7%). Eins og fram kemur á mynd 3 minnkuðu kaup stóriðjufyrirtækja á ótryggðri orku árin 1998 og 1999. Meginástæða þess er að í endurnýjuðum samningi Landsvirkjunar við Íslenska járnblendifélagið er minni ótryggð orka en á móti var forgangsorkan aukin þannig að um er að ræða tilflutning á milli þessara flokka. Ótryggða orkan fór vaxandi árin 1999 til 2003 en síðan minnkaði hún að nýju síðustu tvö árin, eins og fram kemur á myndinni, aðallega vegna minni bræðslu á uppsjávarfiskum.

Samanburður við raforkuspár


Síðustu raforkuspár Orkusparnefndar hafa staðist mjög vel

Ef litið er á raforkuspá frá síðasta ári var áætlað að að notkun á almennri forgangsorku árið 2005 yrði 2.874 GWh en raunnotkunin eftir hitastigsleiðréttingu nam 2.854 GWh. Raforkuvinnslan í heild sinni var minni en áætlað var eða 8.679 GWh í stað 8.869 GWh og stafar þessi munur aðallega af minni notkun stóriðju en ráð var fyrir gert og minni notkun á ótryggðri orku hjá almenningsveitum. Hafa ber í huga að í raforkuspá er einungis sýnd sú stóriðja þar sem samið hefur verið um raforkukaup.


Síðustu raforkuspár Orkusparnefndar hafa staðist mjög vel. Þegar litið er á eldri spár og þær bornar saman við rauntölur síðustu ára sést að spá um almenna notkun frá 1985 er einungis tæpum 2% undir raunnotkuninni eftir 21 ár, spá frá 1992 er um 14% undir raunnotkuninni eftir 13 ár og spáin frá 1997 er 4% undir raunnotkuninni eftir 9 ár. Í þessum tölum er miðað við bæði forgangs- og ótryggða orku til almennra nota að viðbættum flutningstöpum.




Mynd 1 Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-2005. Forgangsorka, rauntölur.



Mynd 2 Aukning almennrar raforkunotkunar 1985-2005. Forgangsorka, hitastigsleiðrétt (án flutningstapa).



Mynd 3 Raforkunotkun á Íslandi árin 1985-2005. Ótryggð orka, rauntölur.



Mynd 4 Aukning almennrar raforkunotkunar 1985-2005. Ótryggð orka, hitastigleiðrétt (án flutningstapa).